

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 15. maí 2020.

Mál nr. 494/2019:

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)

gegn

A

(Óðinn Elísson lögmaður,

Haukur Freyr Axelsson lögmaður, 1. prófmál)

Lykilorð

Skadabótaábyrgð. Líkamstjón. Vinnuslys. Vinnuveitandaábyrgð. Tæki. Gjafsókn.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur V hf. og krafðist viðurkenningar á rétti sínum til skadabóta úr ábyrgðartryggingu B ehf. vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir er 1,5 tonna þungur deigluvagn sem A var að hífa rann af krókum sem notaðir voru til að festa vagninn í hífingarbúnaðinn og féll á fót hans. Deildu aðilar um hvort slysið mætti rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og vinnuaðstöðu á verkstæði B ehf. eða til rangrar notkunar A á hífingarbúnaði. Landsréttur vísaði til þess að V hf. hefði ekki hnekkð þeirri málsástæðu A að það verklag sem hann viðhafði hefði verið venjubundið eða viðtekið. Féllst rétturinn á þá niðurstöðu héraðsdóms að ekki hefðu verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hífingarbúnaður sem A notaði hentaði til þess verks sem hann reglubundið innti af hendi. Þá væri ósannað að hentugur búnaður hefði verið fyrir hendi eða að vinnuveitandi A hefði gefið fyrirmæli um að nota annan búnað. Þá hafnaði Landsréttur þeirri málsástæðu V hf. að engin orsakatengsl væru á milli skorts á áhættumati á þeim verkþætti að hífa deigluvagna og vinnuslyss A. Var því viðurkenndur réttur A til skadabóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Davíð Þór Björgvinsson og Jóhannes Sigurðsson og Björg Thorarensen, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 1. júlí 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2019 í málinu nr. E-1804/2018.
- 2 Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda en til vara að sök verði skipt og að stefnda verði gert að bera meirihluta sakar. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Atvikum málsins, tengdum vinnuslysi er stefndi varð fyrir 10. október 2016 á verkstæði vélsmiðjunnar B ehf. á [...], er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þau eru að mestu ágreiningslaus og eru afleiðingar slyssins fyrir stefnda óumdeildar. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi varð slysið þegar 1,5 tonna þungur deigluvagn sem stefndi var að hífa rann af krókum sem notaðir voru til að festa vagninn í hífingarbúnaðinn og féll á fót stefnda. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að hífingarbúnaðurinn sem notaður var, krókarnir þar með taldir, hafi verið í lagi og aðstæður almennt góðar á verkstæðinu. Deigluvagninn var á hinn bóginn þannig hannaður að einvörðungu var hægt að setja krókana í göt á innanverðum vagninum en ekki læsa öryggislokum þeirra. Í málinu er deilt um hvort váttryggingartaki hjá áfrýjanda og vinnuveitandi stefnda, B ehf., beri bótaábyrgð á tjóni sem stefndi varð fyrir í umræddu vinnuslysi annaðhvort að öllu leyti eða ásamt stefnda sjálfum.
- 5 Í skýrslu Vinnueftirlitsins eftir rannsókn á vettvangi daginn eftir slysið 11. október 2016 kemur fram að orsök þess hafi verið sú að krókarnir hafi runnið af flötum kantinum þar sem ekki var unnt að læsa krókunum með öryggislokunum sem á þeim voru. Öryggisatriði á vinnustaðnum voru almennt sögð í lagi og hefði stefndi verið í öryggisskóm, með hjálm og öryggisgleraugu þegar slysið varð. Ekki hefði verið gert sérstakt áhættumat fyrir hífingu deigluvagna á vinnustaðnum og gaf Vinnueftirlitið þau fyrirmæli um úrbætur að gert yrði sérstakt áhættumat fyrir þennan verkþátt.
- 6 Í hinum áfrýjaða dómi er viðurkenndur réttur stefnda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá áfrýjanda vegna slyssins. Er í dóminum talið að orsök slyss stefnda megi rekja til þess að ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hífingarbúnaður sem stefndi notaði hentaði til þess verks sem hann reglubundið innti af hendi. Þá var vísað til þess að verklag það sem stefndi beitti í umrætt sinn við hífingu deigluvagnsins hefði tíðkast í vélsmiðjunni um langan tíma á meðal þeirra starfsmanna B ehf. sem því sinntu. Jafnframt er talið ósannað að hentugur búnaður hafi verið fyrir hendi eða að vinnuveitandi stefnda hafi gefið honum fyrirmæli um að nota annan búnað. Er í dóminum talið vafalaust að vinnuveitandi stefnda hafi vanrækt þá skyldu að sjá til þess að áhættumat væri gert varðandi hífingar á deigluvögnum svo sem Vinnueftirlitið hefði bent á í skýrslu sinni eftir slysið.
- 7 Í skýrslu sem D, deildarstjóri hjá B ehf., gaf fyrir Landsrétti kom fram að stefndi hefði stýrt umræddum krana í hífingarbúnaði með þráðlausri fjarstýringu. Almennt beri ekki nauðsyn til að staðið sé nærri þeim hlutum sem verið er að hífa hverju sinni. Þar sem stefndi hefði notað búnaðinn með röngum hætti og aðeins sett tvær keðjur en ekki þrjár í deigluvagninn, sem var sexhyrndur að lögun, hafi hann þurft að standa upp við hann og styðja við vagninn svo hann héldi jafnvægi er hann flutti vagninn yfir stálbita á gólfinu. Vinnubrögð sem stefndi beitti við hífingu deigluvagnsins hafi vitanlega ekki

verið viðtekin á verkstæðinu og hafi honum því verið mjög brugðið er hann heyrði hvernig slysið bar að. Í héraði hafði sama vitni borið að starfsmenn á verkstæðinu hefðu tjáð honum að þetta verklag hefði alltaf viðgengist. Eftir það hefði rifjast upp að hann hefði einu sinni áður séð stefnda beita búnaðinum með þessum hætti og ávítað hann fyrir það. Hefði starfsmönnum á verkstæði verið ætlað að nota þar til gerðar taustroffur við hífingar deigluvagna sem þeim væru aðgengilegar, en vissulega tæki það örlítið lengri tíma að festa þær við vagninn en krókana. Þótt starfsmönnum hafi ekki verið gefin sérstök fyrirmæli, skrifleg eða munnleg, um notkun stroffa við hífingar deigluvagna væri alveg skýrt af fyrirmælum í öryggishandbók og hífitöflum sem hangið hafi uppi á vinnustað hvernig ætti að nota þær. Eftir slysið hefðu starfsmenn tafarlaust fengið sérstök fyrirmæli um að hífa vagnana með stroffum, eins og stefndi hefði átt að gera. Síðar hefðu breytingar verið gerðar á vögnunum þannig að öryggislokar á krókum virkuðu við hífingar þeirra með keðjum.

- 8 Í framburði E, framkvæmdastjóra váttryggingartakans B ehf., fyrir Landsrétti kom fram að fyrirtækið hefði ávallt lagt mikla áherslu á öryggismál og sett sér strangar öryggisreglur, sérstaklega á umræddu verkstæði. Það gefi út ítarlega öryggishandbók sem starfsmenn séu prófaðir í og haldnir séu öryggisfundir daglega. Fyrir hvert einasta verkefni sem unnið sé í fyrirtækinu þurfi að gera áhættugreiningu. Sé um einfalt og endurtekið verkefni að ræða sé gerð ákveðin lágmarksgreining en sé verkefnið flóknara fari fram skriflegt áhættumat. Starfsmönnum sem inni verkefnin af hendi beri að eiga frumkvæði að því að gera áhættugreiningu sem verði grundvöllur áhættumats í flóknari verkefnum, einkum þar sem fleiri en einn vinna að verki. Verkefni stefnda hafi mátt telja til einfalds verks sem unnið var af einum manni og því hafi ekki verið ástæða til að gera um það sérstakt skriflegt áhættumat. Umrætt verklag stefnda hafi verið andstætt öllum verklagsreglum fyrirtækisins um hífingar og brotið gegn öryggisreglum. Eftir slysið hafi verið gerðar breytingar á verklagsreglum til að tryggja betur öryggi með því að keðjur séu tengdar við vagn að lágmarki á þremur punktum við hífingu auk þess sem hífingareyru hafi verið soðin á deigluvagna þar sem hægt sé að nota öryggislokar á krókum. Sú breyting hafi verið mjög einföld og hefði verið á færi stefnda að gera slíkar breytingar.

Málsástæður aðila

- 9 Af hálfu áfrýjanda er einkum byggt á því að orsakir slyssins hafi ekki verið að rekja til saknæmrar háttsemi B ehf., heldur þeirrar ákvörðunar stefnda að nota búnað með röngum hætti. Í stað þess að slá lyftistroffum á deigluvagninn, sem hafi verið sérstaklega ætlaðar til að hífa vagna af þessu tagi og hafi verið til staðar á verkstæðinu, hafi stefndi ákveðið að „húkka“ krókum úr keðjum í göt á vagninum en við það verklag læstust öryggislokar á krókunum ekki. Áfrýjandi telur ranga eða í öllu falli ósannaða þá forsendu í hinum áfrýjaða dómi að þetta verklag stefnda hafi verið viðtekið og beitt á verkstæði B ehf. um árabíl. Stefndi hafi verið reynslumikill starfsmaður og ljóst sé að hann hafi verið meðvitaður um hvaða tilgangi öryggislokar þjóna, en hafi samt sem áður lyft 1,5 tonna þungum deigluvagninum í um eins metra

hæð án þess að hægt væri að læsa krókunum með öryggislokum. Í öryggishandbók B ehf. hafi legið fyrir ítarlegar leiðbeiningar um hífingar þar sem sérstaklega hafi verið tekið fram að krókar til hífinga skuli vera með öryggisloku auk leiðbeininga í stroffu- og keðjutöflum á veggjum verkstæðisins. Loks hefði engu breytt þótt áhættumat hefði legið fyrir þegar atburðurinn varð, enda hefði það tekið mið af því að búnaðurinn væri notaður með réttum hætti. Allt þetta sýni svo ekki verði um villst að slysið hafi ekki verið hægt að rekja til saknæmrar háttsemi B ehf. eða vanrækslu á skyldum fyrirtækisins samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Orsök slyssins sé að stefndi kaus að beita búnaði á rangan hátt. Með því hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við verkið og verði hann af þeim sökum að bera tjón sitt að öllu leyti eða hluta sjálfur.

- 10 Stefndi heldur því fram að aðbúnaður og vinnuaðstaða á verkstæði vátryggingartaka B ehf. hafi verið ófullnægjandi og hífingarbúnaður sem honum hafi verið falið að nota við hífingu deigluvagna hafi ekki hentað til verksins. Ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir á vinnustaðnum til að tryggja að hífingarbúnaðurinn hentaði til verksins, þrátt fyrir að verkstjóri hafi vitað eða mátt vera meðvitaður um verklagið sem stefndi beitti. Af því sé ljóst að aðbúnaður og vinnuaðstaða á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi. Fallast beri á þá forsendu sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi að verklag það sem stefndi beitti í umrætt sinn við hífingu deigluvagnsins hefði tíðkast á verkstæðinu um langan tíma á meðal þeirra starfsmanna B ehf. sem því sinntu. Hefði vinnuveitandi því átt að bregðast við hættunni áður en slysið varð. Sjá megi að þær breytingar sem gerðar hafi verið á hífingarbúnaðinum eftir slysið hafi verið einfaldar og ódýrar. Nú sé hægt að nota sömu króka til að hífa vagnana á öruggan hátt, án þess að tekið hafi verið upp það verklag að nota stroffur við hífingu vagna, eins og áfrýjandi telur að hann hafi átt að gera. Í þessu felist viðurkenning á því að um vanbúnað hafi verið að ræða á slysdegi. Loks sé óumdeilt að áhættumat hafi ekki legið fyrir um þennan verkþátt á verkstæði B ehf. og hafi Vinnueftirlitið eftir rannsókn á slysinu gefið fyrirmæli um að það yrði gert. Hefði þessi verkþáttur verið áhættumetinn hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Með vísan til framangreinds byggir stefndi á því að ósannað sé að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og ekki séu forsendur til að hann verði látinn bera meðábyrgð á því.

Niðurstaða

- 11 Kjarni ágreiningsins í málinu lýtur að því hvort vinnuveitandi stefnda beri ábyrgð á slysinu þar sem hann hafi ekki lagt stefnda til tæki sem hentaði til verksins né leiðbeiningar um öruggt verklag eða hvort um aðgæsluleysi stefnda sjálfs hafi verið að ræða þar sem hann hafi sjálfur ákveðið að nota hífingarbúnað sem ekki hentaði verkinu í stað viðeigandi búnaðar sem honum hafi verið aðgengilegur á verkstæðinu.
- 12 Í forsendum hins áfrýjaða dóms var meðal annars á því byggt að verklagið sem stefndi beitti í umrætt sinn við hífingu deigluvagns hafi verið viðtekið verklag og bæði hann og aðrir starfsmenn B ehf. hefðu viðhaft það um árábil. Þá hafi verkstjóra verið

kunnugt um að stefndi hafi beitt þessu verklagi en ósannaðar eru staðhæfingar áfrýjanda um að stefndi hafi fengið munnleg fyrirmæli um að breyta verklagi. Þá hafi ekki legið fyrir bein skrifleg fyrirmæli um notkun stroffa við verkið.

- 13 Áfrýjandi hefur við meðferð málsins fyrir Landsrétti ekki hnekkt þeirri málsástæðu stefnda að umrætt verklag hafi verið venjubundið eða viðtekið, til dæmis með því að leiða fram vitni til staðfestingar því að stroffur væru venju samkvæmt notaðar til þessa verks. Til frekari stuðnings þeirri ályktun er sú staðreynd að vinnuveitandi stefnda gaf ekki fyrirmæli um að það verklag skyldi varanlega tekið upp eftir slysið en gerði þess í stað einfaldar breytingar á deigluvögnunum þannig að unnt væri að læsa krókum í þá og tryggja þannig öryggi.
- 14 Verður því staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hífingarbúnaður sem stefndi notaði hafi hentað til þess verks sem hann reglubundið innti af hendi. Þá er ósannað að hentugur búnaður hafi verið fyrir hendi eða að vinnuveitandi stefnda hafi gefið fyrirmæli um að nota annan búnað. Þannig rækti atvinnurekandi ekki skyldur sínar samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1980, sbr. einnig 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 til að sjá til þess að rétt tæki væru fyrir hendi og að aðrar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja að tækin hentuðu fyrir verkið.
- 15 Þá er hafnað þeirri málsástæðu áfrýjanda að engin orsakatengsl séu á milli skorts á áhættumati á þeim verkþætti að hífa deigluvagna og vinnuslyss stefnda. Markmið áhættumats fyrir hættuleg störf er að greina hvaða hættur fylgja tilteknum verkþáttum með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og jafnframt mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum og hvaða tæki skuli notuð. Sem fyrr segir var það mat Vinnueftirlitsins eftir rannsókn slyssins að áhættumat ætti að gera fyrir hífingu vagna samkvæmt 65. gr. a í lögum nr. 46/1980, sbr. einnig 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006. Er það mat dómsins að áhættumat fyrir þennan verkþátt hefði gefið tilefni til að gerðar yrðu þær einföldu breytingar á deigluvögnunum sem síðar voru gerðar til að tryggja öryggi og að þannig hefði mátt fyrirbyggja slysið. Þá er ótvírætt í framangreindum lagafyrirmælum um áhættumat að gerð þess hvílir á herðum atvinnurekanda og vanrækti vinnuveitandi stefnda þá skyldu sína. Verður stefnda í máli þessu því ekki virt til sakar að hafa ekki átt frumkvæði að því að gera nauðsynlega áhættugreiningu. Með vísan til framangreinds verður fallist á með stefnda að vinnuveitandi hans beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem hann varð fyrir í vinnuslysi 10. október 2016.
- 16 Um mat á ætlaðri eigin sök stefnda og mögulega meðábyrgð ber að líta til þess að stefndi hafði bæði menntun og starfsreynslu til að gera skýrari kröfur um að nota öruggari búnað við hífingu deigluvagna þótt hann hefði beitt umræddu verklagi um árabíl. Þá verður að telja að stefndi hafi ekki sýnt fyllstu aðgæslu þegar hann hífði deigluvagn í umrætt sinn með tveimur lyftikeðjum í allt að eins metra hæð til að færa hann yfir stálbita án þess að krókar væru læstir með öryggisloku. Hefði honum mátt

vera ljóst að hífing vagnsins við þær aðstæður fæli í sér meiri áhættu en þegar sama verklagi var beitt til að lyfta vagni lítilllega og færa til yfir sléttu gólfi. Þótt stefndi hafi þannig sýnt af sér gáleysi verður það þó ekki talið stórkostlegt og þáttur hans því ekki talinn slíkur að geti haft þýðingu um meðábyrgð hans á umræddu tjóni, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður því ekki fallist á kröfur áfrýjanda um að sök verði skipt og réttur stefnda til skaðabóta verði aðeins viðurkenndur að hluta.

- 17 Með vísan til alls framangreinds verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.
- 18 Áfrýjandi verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti sem rennur í ríkissjóð. Um þann kostnað og gjafsóknarkostnað stefnda fer eftir því sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda, A, greiðist úr ríkissjóði þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 1.000.000 króna.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2019

Mál þetta, sem var dómtekið 16. apríl sl., var höfðað með stefnu birtri 31. maí 2018. Stefndi er A, [...], og stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík.

Stefndi krefst þess að viðurkennt verði að vinnuslys stefnanda þann 10. október 2016 sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu sem vinnuveitandi hans, B ehf., hafði í gildi hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., á slysdagi. Einnig krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda en til vara krefst hann þess að sök verði skipt og stefnanda gert að bera meirihluta sakar. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Mál þetta á rætur að rekja til vinnuslyss sem stefndi varð fyrir 10. október 2016 á verkstæði vélsmiðjunnar B ehf. á [...]. Slysíð vildi þannig til að stefndi var að færa til 1,5 tonna deigluvagn á verkstæði vélsmiðjunnar B ehf. Deigluvagnar eru notaðir í verksmiðju [...] á [...], en vélsmiðjan sinnir reglubundnu viðhaldi þeirra og kom það að jafnaði í hlut stefnanda að sinna því verkefni. Við hífingu á deigluvagninum var notaður brúkrani með 15 tonna lyftigetu og tveggja leggja lyftikeðja, hvor um sig með fjögurra tonna lyftigetu, með krókum á endum. Krókunum var krækt inn í göt á innanverðum vagninum og um brún vagnsins, án þess að hægt væri að læsa þeim saman með öryggisloku sem var á þeim. Deigluvagninn var færður til með því að hífa hann rétt upp fyrir gólfið en í umrætt sinn þurfti að færa vagninn yfir stálbita á gólfinu og var vagninn þá hífður í um eins metra hæð. Þegar stefndi sjálfur færði sig yfir bitann losnaði vagninn af króknum og féll á fót hans, sem varð á milli stálbitans og kants á vagninum.

Stefnandi hlaut alvarlega kramningsáverka á vinstri rist og virtust tær og fremsti hluti framleistans í aðalatriðum án blóðrásar og án skyns. Áverkarnir leiddu til þess að fjarlægja varð vinstri fótlegg stefnanda, þannig að skorið var á milli ökkla og hnés. Ítarleg læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu þar sem afleiðingum slyssins er nánar lýst. Stefnandi hefur verið óvinnufær frá slysdegi, örorka hans hefur verið metin varanleg 75% hjá Tryggingastofnun og 100% hjá lífeyrissjóði hans. Varanlegur miski hefur verið metinn 28%. Um afleiðingar slyssins er ekki deilt.

Lögreglu var tilkynnt um slysið og kom hún á vettvang áður en stefnandi var fluttur á sjúkrahús. Í skýrslu lögreglunnar segir að stefnandi hafi verið að hífa deigluvagn í brúkrana þegar vagninn losnaði úr krókum sem hafi verið hengdir í kranana með þeim afleiðingum að vinstri fótur hans klemmdist á milli deigluvagnsins og stálbita sem var á gólfi vélsmiðjunnar. Stefnandi hafi stjórnað krananum og verið í öryggisskóm við vinnuna. Fram kemur og að stefnandi hafi síðar greint frá því að hann hefði hífð deigluvagninn umrætt sinn eins og hann hefði alltaf gert og fest keðjurnar í hann með krókunum. Vagninn hefði runnið til í keðjunum og krókurinn slegist úr og vagninn dottið niður og fóturinn á honum lent á milli. Stefnandi hefði þurft að hífa vagninn hærra en venjulega þar sem hann hefði þurft að koma honum yfir stálbita á gólfinu. Ástæða þess að stefnandi hafi þurft að flytja deigluvagninn umrætt sinn hafi verið sú að flutningabíll hafi verið væntanlegur til að sækja stálbitana.

Vinnuveitandi stefnanda tilkynnti um slysið til Vinnueftirlitsins á slysdegi. Í viðauka við tilkynninguna er atvikum lýst. Þar segir jafnframt að stefnandi hafi oft hífð deigluvagna með þeim hætti sem gert var þótt hann hefði verið gagnrýndur fyrir það. Segir jafnframt að stefnandi hefði átt að krækja stroffum á vagninn og festa keðjurnar í stroffurnar og hífa hann þannig upp með öruggum hætti. Jafnframt hvíli sú skylda á starfsmönnum að gera áhættugreiningu fyrir hífingu, þótt ekki sé gerð krafa um að slík greining sé skrifleg. Reglur verkstæðisins kveði á um rétta notkun alls búnaðar og í þessu tilviki hafi stefnandi ekki farið eftir þeim reglum. Einnig er tekið fram að á vinnustaðnum séu haldnir öryggisfundir á hverjum degi þar sem reglulega sé farið yfir það að starfsmenn hafi ekki heimildir til að nota búnað á annan máta en hann sé hannaður til.

Vinnueftirlitið gerði rannsókn á vettvangi daginn eftir slysið, eða 11. október 2016. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins hafi verið sú að krókarnir gátu runnið af flötum kantinum þar sem þeir læstust ekki saman. Öryggisatriði á vinnustaðnum voru almennt sögð í lagi og hefði stefnandi verið í öryggisskóm, með hjálm og öryggisgleraugu þegar slysið varð. Ekki hafði verið gert sérstakt áhættumat fyrir hífingu vagns á vinnustaðnum og voru fyrirmæli Vinnueftirlitsins um úrbætur þau að gert yrði sérstakt áhættu mat fyrir þennan verkþátt.

Á meðal gagna málsins eru ljósmyndir sem stefnandi kveður að hafi verið teknar 1. maí 2018 og séu þær af breytingum sem B ehf. hafi gert á deigluvögnum eftir að slysið átti sér stað. Myndirnar bera með sér að flatjárn með götum hafi verið soðin föst inn í götin á vagninum þar sem stefnandi setti krókana á keðjunum þegar slysið varð.

B ehf. var með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda og með bréfi þann 31. maí 2017 gerði stefnandi kröfu um greiðslu tryggingabóta á þeim grundvelli að um saknæman aðbúnað hefði verið að ræða á vinnustaðnum, verkstjórn hefði verið ábótavant og ekki hefði verið til áhættumat fyrir hífingu deigluvagna. Stefndi hafnaði kröfunni með bréfi þann 25. október 2017 á þeim grundvelli að ekki væri sýnt fram á að saknæmur aðbúnaður á vinnustaðnum hefði valdið slysinu heldur hefði verið um óhappatilvik að ræða. Með úrskurði Úrskurðarnefndar váttryggingarmála nr. [...] frá 23. janúar 2018 var því hafnað að stefnandi ætti rétt á skaðabótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda þar sem stefnandi hefði ekki sýnt fram á vanbúnað á hlífðarbúnaði eða öðrum tækjum eða að verkstjórn hefði verið ábótavant eða önnur atvik hefðu verið fyrir hendi sem leitt gætu til bótaskyldu B ehf.

Á meðal gagna málsins eru ljósmyndir sem stefndi kveður að hafi verið teknar á vinnustað B ehf. Myndirnar eru teknar af veggspjöldum sem bera yfirskriftirnar „Keðjutafla [...]“ og „Stroffutafla [...]“. Eins getur að líta myndir af tveimur veggfestingum, annars vegar með úrvali mismunandi stroffa og hins vegar með mismunandi augum og öðrum festingum. Á veggspjöldunum eru upplýsingar um hámarksþyngdir í tonnum, þ.e. leyfilegt vinnuálag, og leiðbeiningar um notkun keðja og stroffa, m.a. með tilliti til öryggis og eftirlits.

Í öryggishandbók B ehf. er að finna leiðbeiningar um öryggi á vinnustaðnum o.fl. Í 10. kafla er meðal annars fjallað um hífingar og stjórnun þeirra, forvarnir og viðhald og hámarksgetu hífingarbúnaðar. Í 11. kafla er fjallað um öryggismál og þjálfun og meðal annars vikið að gerð áhættumats vegna verkefna sem unnin eru á vinnustaðnum.

II.

Stefnandi byggir á því að slys hans sé bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu váttryggingartaka sem hafi verið í gildi á slysdegi hjá stefnda. Stefnda sé einum stefnt með vísan til 1. mgr. 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Váttryggingartakinn, B ehf., sé skaðabótaskyldur á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglu skaðabótaréttar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna og aðstæðum og aðbúnaði á vinnustað. Stefnandi byggir einnig á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og reglugerðum og reglum settum á grundvelli þeirra laga, einkum reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006 og viðaukum við hana. Vinnuslysið megi að öllu leyti rekja til þess að aðbúnaður, vinnuaðstaða, verklagsreglur og leiðbeiningar á vinnustað váttryggingartaka hafi verið ófullnægjandi, þar sem stefnanda hafi verið falið að færa til mjög þunga deigluvagna með hífingarbúnaði sem ekki hafi hentað til verksins. Verklagið sem hafi viðgengist við verkið hafi verið hættulegt og ekki hafi verið búið að áhættumeta verkþáttinn. Með þessu hafi fyrirtækið bakað sér skaðabótaábyrgð og því sé slysið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu þess hjá stefnda.

Í fyrsta lagi hafi hífingarbúnaðurinn sem stefnanda hafi verið falið að nota við hífingu deigluvagna ekki hentað til verksins og því verið alls ófullnægjandi, svo sem fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins frá 28. apríl 2017. Vanbúnaður hífingarbúnaðarins hafi falist í því að keðjurnar og krókarnir sem á þeim hafi verið hafi ekki hentað til hífingar deigluvagna, en því verki hafi stefnandi þurft að sinna reglulega. Á keðjunum hafi verið krókar sem hafi átt að festast í deigluvagna sem ætlunin hafi verið að hífa og færa á milli vinnusvæða. Þessi búnaður hafi verið ófullnægjandi vegna þess að ekki hafi verið mögulegt að festa hann tryggilega í deigluvagnana. Aðferðin sem hafi verið notuð á vinnustaðnum hafi verið sú að krókunum á endum keðjunnar hafi verið krækt, þ.e. „húkkað“, í göt á vagninum og um brún hans. Krókarnir hafi ekki læst saman við þessar aðstæður og því verið opnir þegar vagninn var hífður upp. Þetta hafi skapað hættu á því að krókarnir rynnu af brúninni, eins og hafi gerst í tilfelli stefnanda. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segi um niðurstöðu rannsóknarinnar að orsök slyssins hafi verið sú að krókarnir hafi getað runnið af flötum kantinum og ekki læst saman. Með vísan til þessarar niðurstöðu sé sannað að hífingarbúnaðurinn sem stefnanda hafi verið falið að nota við hífingu deigluvagna hafi ekki hentað til verksins. Aðbúnaðurinn á vinnustaðnum hafi því verið með öllu ófullnægjandi. Þetta hafi verið meginorsök þess að slysið hafi átt sér stað og á því beri váttryggingartaki skaðabótaábyrgð.

Sú háttsemi váttryggingartaka að fela stefnanda að nota umræddan búnað við verkið hafi brotið gegn ákvæðum 13., 37., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Í 5. gr. reglugerðarinnar segi að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum séu látin í té innan fyrirtækisins henti til þeirra verka sem vinna eigi eða séu hæfilega löguð að þeim, þannig að starfsmenn geti notað þau án þess að öryggi þeirra eða heilsu stafi hætta af. Í viðauka II við reglugerðina komi enn fremur fram, í gr. 3.1.4, að velja skuli lyftibúnað með hliðsjón af því að hann henti fyrir þá byrði sem eigi að meðhöndla, með tilliti til festistaða, festibúnaðar svo og veðurskilyrða og afstöðu stroffa. Lyftibúnaður skuli vera greinilega merktur til að notendur geti áttað sig á eiginleikum hans,

sé hann ekki tekinn í sundur eftir notkun. Það hafi verið váttryggingartaki, vinnuveitandi stefnanda, sem hafi borið alla ábyrgð á því að lyftibúnaðurinn sem starfsmönnum hafi verið falið að nota við hífingu deigluvagna væri í samræmi við ofangreind ákvæði og hentaði til verksins.

Stefnandi hafi fyrir slysið margsinis óskað eftir betri hífingarbúnaði við yfirmenn sína. Ekki hafi verið bætt úr fyrr en eftir að slysið átti sér stað, en þá hafi flatjárn með augum verið soðin föst á prófílinn við hvert dekk deigluvagnanna til að hægt væri að koma krókunum í augun og læsa þeim áður en vagnarnir væru hífðir og færðir til. Í þessu felist viðurkenning á því að um vanbúnað hafi verið að ræða á slysdegi og að váttryggingartaki hafi verið meðvitaður um þann vanbúnað. Váttryggingartaka hefði borið að gera ráðstafanir sem þessar löngu áður en slys stefnanda átti sér stað.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að verklag, skipulag, leiðbeiningar, og þar með verkstjórn á vinnustaðnum, hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. Stefnanda hafi verið fyrirskipað að standa að hífingu þungra deigluvagna með hífingarbúnaði sem hafi ekki hentað til verksins. Verkstjóri hafi falið stefnanda að setja sig í hættu á þennan hátt, en verkstjórinn hafi borið ábyrgð á því að framkvæmd verksins yrði með því móti að tjón hlytist ekki af. Með því að hafa ekki tryggt að aðbúnaður á vinnustaðnum væri í lagi og að betra verklag og skipulag yrði viðhaft við hífingu deigluvagna hafi verkstjórinn brugðist þeim skyldum sem á honum hafi hvílt samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980.

Varðandi skyldur váttryggingartaka að þessu leyti er vísað til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13., 14., 37. og 42. gr. Samkvæmt tilgreindum ákvæðum beri atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað og vinnu hagað þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt en jafnframt eigi hann að gera starfsmönnum sínum ljósa slysahettu sem kunni að stafa af störfum þeirra. Einnig er vísað til reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Í 7. gr. reglugerðarinnar komi fram að atvinnurekandi skuli upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja, óvenjulegar aðstæður sem séu fyrirsjáanlegar og þá reynslu sem fengist hafi við notkun hlutaðeigandi tækja. Enn fremur skuli atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum þar sem framangreindar upplýsingar komi fram. Aukinheldur er vísað til gr. 3.1.3 í viðauka II með reglugerð nr. 367/2006 um að gera skuli ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn séu ekki staddir undir byrði sem verið sé að lyfta nema verkið sem unnið sé krefjist þess. Óheimilt sé að lyfta byrði yfir óvarið vinnusvæði þar sem starfsmenn séu venjulega við vinnu. Sé slíkt samt sem áður óhjákvæmilegt og ekki unnt að vinna verkið með öðrum hætti skuli setja viðeigandi vinnureglur og fylgja þeim eftir.

Samkvæmt 20.-23. gr. laga nr. 46/1980 beri verkstjóri ábyrgð á því að öruggt skipulag sé ríkjandi á vinnustað. Hafi verkstjóri stefnanda því borið ábyrgð á því að ganga úr skugga um hættuna af framkvæmd verksins og gera viðhlítandi ráðstafanir til að verjast henni áður en hann fyrirskipaði stefnanda að vinna verk sitt.

Stefnandi mótmælir því sem röngu að hann hafi brotið gegn skýru verklagi á vinnustaðnum um notkun hífingarbúnaðarins, svo sem váttryggingartaki hafi haldið fram. Ekki hafi heldur verið farið yfir hið meinta rétta verklag á daglegum fundum, eins og fram hafi komið af hálfu váttryggingartaka. Þessu verklagi hafi váttryggingartaki og stefndi lýst á þann veg að stefnandi hafi átt að slá stroffum á deigluvagninn og festa keðjurnar í stroffurnar og hífa vagninn þannig upp. Stefnandi kannist ekki við að slíkt verklag hafi verið viðhaft á vinnustaðnum við hífingu deigluvagna. Hann hafi aldrei fengið leiðbeiningar um að vinna ætti verkið á umræddan hátt, heldur hafi hann fylgt því verklagi sem hafði verið viðhaft við hífingar deigluvagna á vinnustaðnum í langan tíma. Þá kannast stefnandi ekki við að rætt hafi verið um hífingar deigluvagna á öryggisfundum. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum sínum um að við verkið hafi vanalega verið notaðar stroffur og að stefnanda hafi verið leiðbeint um að nota þær við þetta verk. Ekkert í gögnum málsins styðji þá staðhæfingu. Auk þess sé bæði hættulegt og illfrankvæmanlegt að slá stroffum á vagninn og festa svo stroffurnar í keðjurnar. Bæði myndi það skapa hættu á að vagninn færi á hreyfingu

við hífinguna og að stroffurnar gæfu undan þunga hans. Það skjóti skökku við að stefndi og váttryggingartaki haldi því fram að þetta hafi verið rétt og örugg aðferð, í ljósi þess að váttryggingartaki hafi ekki viðhaft aðferðina síðan. Keðjunum með krókunum sé enn komið fyrir í vögnunum án þess að nota stroffur því að váttryggingartaki hafi, eins og áður er komið fram, soðið föst flatjárn með augum á vagnana til að hægt sé að festa krókana áður en híft er. Þessar öryggisráðstafanir hefðu verið óþarfar af hálfu váttryggingartaka hefði hin rétta og örugga aðferð verið að nota stroffur við hífingar deigluvagna.

Samkvæmt 65. gr. a í lögum nr. 46/1980 beri atvinnurekandi ábyrgð á því að gert sé sérstakt áhættumat. Þar skuli meta áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skuli sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt sé að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinni þeim sé meiri hætta búin en annarra starfsmanna. Samkvæmt 2. mgr. 65. gr. a skuli atvinnurekandi, þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin, grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess sé ekki kostur, draga úr henni eins og frekast sé unnt. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins frá 28. apríl 2017 hafi ekki verið búið að gera áhættumat fyrir hífingu deigluvagna á vinnustað stefnanda og hafi váttryggingartaka þar verið gefin þau fyrirmæli að láta slíkt áhættumat fara fram. Orsök slyss stefnanda megi að hluta til rekja til umræddrar vanrækslu váttryggingartaka. Þar sem sá verkþáttur sem stefnandi hafi unnið að er slysið varð hafi ekki verið áhættumetinn hafi verkið ekki verið skipulagt á þann hátt að öryggi starfsmanna væri tryggt. Váttryggingartaka hafi verið eða mátt vera ljós sú hætta sem hafi stafað af því að vinna umrætt verk. Deigluvagnar séu mjög þungir og starfsmönnum hafi verið ætlað að standa nálægt þeim á meðan þeir voru hífðir upp og færðir til. Þar sem veruleg slysaþætta hafi verið þessu samfara hafi verið afar mikilvægt að þessi verkþáttur yrði áhættumetinn, en það hafi aldrei verið gert af hálfu váttryggingartaka.

Í ljósi þess að í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi verið gerð sú krafa til váttryggingartaka að láta áhættumeta þennan verkþátt hafi verið óforsvaranlegt af hálfu váttryggingartaka að gera þá kröfu á starfsmenn sína að þeir gerðu sérstaka áhættugreiningu fyrir hverja hífingu, svo sem haldið sé fram í viðauka váttryggingartaka við tilkynningu um slysið. Þetta skjóti skökku við í ljósi þess að váttryggingartaki hafi sjálfur ekki verið búið að láta gera áhættumat fyrir verkþáttinn. Með þessu sé váttryggingartaki að færa ábyrgðina á því hvernig vinna á vinnustaðnum sé skipulögð og framkvæmd af sínum herðum og yfir á herðar starfsmanna sinna, en það sé í fullkomnu ósamræmi við skýr ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna og reglugerða sem settar hafi verið á grundvelli laganna.

Stefnandi hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við hífingu deigluvagnsins í umrætt sinn og því séu ekki forsendur til að láta hann bera nokkra ábyrgð á slysinu. Ekki nægði að sýna fram á að stefnandi hefði sýnt af sér einfalt gáleysi, heldur yrði stefndi að sanna að stefnandi hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 1. mgr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993, ætti hann að bera einhverja ábyrgð á slysinu. Stefnandi hafi unnið verkið í samræmi við fyrirmæli yfirmanna sinna og fylgt því verklagi sem hafi tíðkast á vinnustaðnum. Engin önnur leið hafi verið fær við að vinna verkið en sú sem stefnandi hafi beitt og honum verði ekki kennt um að aðbúnaður hafi verið hættulegur og verklagsreglur ófullnægjandi á vinnustaðnum.

Til samræmis við viðurkennd sjónarmið um mat á meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum yrði að skoða hugsanlega meðábyrgð stefnanda eða eigin sök í samhengi við sök vinnuveitanda. Með öðrum orðum, sök váttryggingartaka og ábyrgð hans sem vinnuveitanda á aðbúnaði á vinnustað og skorti á verkstjórn, skipulagi og leiðbeiningum, en þessir þættir hafi verið aðalorsök þess að slysið varð. Ekkert í skýrslu Vinnueftirlitsins um slysið frá 28. apríl 2017 hafi bent til þess að hann ætti sök á slysinu. Þvert á móti sé ljóst af niðurstöðu skýrslunnar að orsök þess hafi fyrst og fremst verið sú að sá búnaður sem stefnandi hafi verið látinn í té af hálfu váttryggingartaka hafi ekki hentað til hífingar deigluvagna. Yrði komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og bæri einhverja ábyrgð á því, þá leiddi 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga og þau sjónarmið sem ákvæðið er byggt á til þess að líta bæri fram hjá hugsanlegri meðábyrgð stefnanda á slysinu. Við mat á því hvort ástæða væri til að beita

heimildinni væri litið til þess hve mikið tjónið væri, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika. Það liggi fyrir að stefnandi hafi örkuðlast í slysinu. Aðstæður stefnanda séu gjörbreyttar eftir slysið. Fyrir slysið hafi hann verið fullvinnandi og heilsuhausstur, eins og fram komi í örorkumatsgerð. Eftir slysið hafi stefnandi ekki átt afturkvæmt á vinnumarkað og verið metinn til 75% örorku af Tryggingastofnun og 100% örorku hjá lífeyrissjóði. Þá hafi varanleg læknisfræðileg örorka hans vegna slyssins verið metin 28%. Miðað við atvik öll yrði því að líta fram hjá hugsanlegri ábyrgð stefnanda á slysinu, kæmist dómurinn að þeirri niðurstöðu að hún hefði verið einhver.

III.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að tjón stefnanda sé óhappatilvik, sem hafi mögulega orsakast af aðgæsluleysi stefnanda. Ekki sé um að ræða tjón sem váttryggingartakinn, B ehf., beri skaðabótaábyrgð á. Aðstæður á slysstað hafi verið fullnægjandi og farið hafi verið eftir öllum öryggiskröfum. Verði því ekki litið svo á að slysið megi rekja til þess að váttryggingartakinn hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.

Í umsögn Vinnueftirlitsins frá 28. apríl 2017 komi fram að aðstæður á slysstað hafi verið góðar. Við hífinguna hafi verið notaður Stahl-brúkrani, árgerð 1998, með 15 tonna lyftigetun og með skoðun frá 20. janúar 2016. Kraninn hafi verið búinn tveggja leggja lyftikeðju með krókum á endum og hvor leggur með fjögurra tonna lyftigetun. Deigluvagninn sjálfur hafi verið um 1,5 tonn að þyngd. Stefnandi hafi verið í öryggisskóm, með hjálm og öryggisgleraugu. Allur búnaður sem notaður hafi verið við að flytja deigluvagninn hafi verið í fullkomnu lagi en samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins hafi krókarnir á lyftingarkeðjunni ekki læst saman við hífingu í umrætt sinn, þó ekkert hafi verið athugavert við hífingarbúnaðinn. Ástæða slyssins hafi því verið sú að krókarnir á lyftikeðjunni hafi getað runnið af flötum kantinum og ekki læst saman. Með umsögn Vinnueftirlitsins sé sannað að kraninn og krókarnir sem hafi verið notaðir við verkið, hlífðarbúnaður sem stefnandi hafi klæðst þegar slysið hafi átt sér stað og aðstæður á verkstæðinu hafi verið í fullkomnu lagi. Þá verði ekki annað ráðið af þessari umsögn en að verkstjórn hafi verið í samræmi við lög og reglur, enda ekki gerðar neinar athugasemdir við hana. Á móti sé ósannað að rekja megi slysið til atvika sem váttryggingartaki beri sakarábyrgð á.

Stefnandi sé menntaður járnsmiður, með sveinspróf, og hafi á slysdegi verið búinn að vinna við þá iðn frá 1971, þar af í um 10 ár á verkstæði B ehf. Hann hafði oft áður hlífð deigluvagna á verkstæði B ehf. með sama krana. Orsök slyssins megi rekja til ákvörðunar stefnanda um að vinna verkið með þeim hætti sem hann hafi gert í umrætt sinn. Hafi það verið andstætt því verklagi sem hann hafi vitað eða mátt vita að ætti að beita. Verði ekki annað ráðið af gögnum málsins en að það hafi alfarið verið mat og ákvörðun stefnanda að vinna verkið eins og hann gerði.

Í umsögn Vinnueftirlitsins komi fram að deigluvagni sé venjulega rétt lyft frá gólfi þannig að hann fljóti og sé þannig fluttur til. Stefnandi hafi vitað að hann þyrfti að lyfta vagninum hærra, eða í um eins metra hæð, til að komast yfir stálbitann sem legið hafi á verkstæðisgólfinu. Honum hafi því borið að sýna sérstaka aðgæslu við verkið og tryggja að hvorki honum né öðrum á verkstæðinu stafaði hætta af verkinu.

Í öryggishandbók B ehf. segi, í lið 10.2, að krókar til hífingar skuli vera með öryggisloku. Af því megi ráða að aðeins megi hifa hluti með krókum sem festir séu með öryggisloku. Í niðurstöðu umsagnar Vinnueftirlitsins komi fram að orsök slyssins sé sú að krókarnir, eins og þeir hafi verið festir á vagninn, hafi getað runnið af flötum kantinum og ekki læst saman. Því megi rekja slysið til þess að öryggislokar krókanna hafi ekki verið lokaðir, eins og þeir eigi að vera þegar krókarnir séu notaðir til hífingar.

Eðli máls samkvæmt læsist krókar með öryggisloka ekki saman nema þeir nái alveg utan um það sem þeim sé krækt í. Í málinu liggi fyrir að stefnandi hafi kosið að festa krókana á staði á vagninum þar sem þeir nái

ekki í gegn, með þeim afleiðingum að ekki hafi verið hægt að loka þeim með öryggislokum. Af þeim sökum hafi öryggislokur krókanna staðið opnar þegar stefnandi hafi híft vagninn upp til að komast yfir stálbitann. Í ljósi framangreindra reglna í öryggishandbók B ehf. og hönnunar krókanna blasi það við að verklagið hafi verið mjög varhugavert og beinlínis rangt. Miðað við reynslu og þekkingu stefnanda hafi hann mátt vita að verklagið væri rangt og beinlínis bannað.

Þar sem vagninn var ekki búinn festingum fyrir krók með öryggisloku hefði verið rétt að slá stroffum á hann, festa keðjurnar í stroffurnar með krókunum, loka krókunum með öryggislokunum og lyfta vagninum þannig upp með öruggum hætti. Þetta hafi stefnandi vitað eða mátt vita að væri rétt aðferð. Vinnureglur B ehf. geri ráð fyrir að notaðar séu stroffur til þess að hífa hlut sem ekki sé búinn festingu sem hægt sé að festa krók í og loka á öryggisloku. Á lager verkstæðisins hangi uppi á vegg stroffu- og keðjutafla sem sýni hvernig nota eigi stroffur eins og hafi átt að gera í umræddu tilviki. Þá séu margar tegundir af stroffum og lásum til á verkstæðinu. Þannig hafi allur búnaður verið fyrir hendi á verkstæðinu til að tryggja að stefnandi gæti unnið verkið með réttum og öruggum hætti.

Stefnandi hafi hins vegar sjálfur kosið að beita annarri aðferð við verkið og vinna það eftir sínum hentugleika með framangreindum afleiðingum. Verði að telja þetta stórfellt gáleysi af hálfu stefnanda.

Gera verði þær lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að varúðar sé gætt, eins og sanngjarnt sé að ætlast til af þeim. Þetta gildi einkum þegar um reynda, fagmenntaða starfsmenn sé að ræða, en til þeirra megi gera auknar kröfur. Ætla megi að stefnandi hafi haft aldur og reynslu til að leggja mat á hættueiginleika umhverfisins á hverjum tíma og hvernig hann gæti best unnið verkið á öruggan hátt. Stefnandi hafi verið búinn að vinna umrætt verk margoft og hann hafi mátt gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem gæti skapast af því að hífa deigluvagninn upp á opnum krókunum, hvað þá í eins metra hæð frá jörðu.

Stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir hættunni sem hafi stafað af því að vera undir vagninum meðan honum var lyft, sérstaklega í ljósi þess að hann hafi vitað að öryggislokur krókanna væru opnar. Stefnandi hafi áður verið gagnrýndur fyrir umrædda aðferð sína, en daglega séu haldnir öryggisfundir á verkstæði B ehf. þar sem farið sé reglulega yfir það að starfsmenn hafi ekki heimild til þess að nota búnað á annan máta en hann sé hannaður til. Þrátt fyrir það hafi stefnandi ákveðið að nota krókana án öryggisloka.

Því sé hafnað sem ósönnuðu að stefnandi hafi í langan tíma verið búinn að óska eftir betri hífingarbúnaði. Við það kannist B ehf. ekki og hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn því til sönnunar.

Stefndi mótmælir því alfarið að B ehf. hafi brotið gegn lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13., 37., 42. og 46. gr. laganna auk 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, sem röngu og ósönnuðu. Ekkert í skýrslu Vinnueftirlitsins eða öðrum gögnum málsins styðji þessa málsástæðu stefnanda, nánar tiltekið að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi til að framkvæma það verk sem stefnandi hafi verið að vinna umrætt sinn og að búnaður hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laganna. Stefndi telur gögn og málsatvik þvert á móti skýr um það að stefnandi eigi sjálfur alla sök á því að þetta atvik hafi gerst og að það megi rekja til óhappatilviljunar og aðgæsluleysis hans sjálfs. Aðstæður á vinnustað hafi verið í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 45/1980 og allar þær reglur sem settar hafi verið á grundvelli laganna og geti átt við um starfsemi verkstæðisins, eins og ráða megi af umsögn Vinnueftirlitsins. Þá kveði reglur verkstæðisins á um rétta notkun hífingarbúnaðarins en stefnandi hafi ekki farið eftir þeim.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1980 hvíli þær skyldur á starfsmönnum að gæta sjálfir að eigin aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum, auk skyldu til að tilkynna um það sem þeir telji athugavert. Þannig hafi sú skylda hvílt á stefnanda að nota réttan búnað og sjá til þess að öryggislokur krókanna væru lokaðar við umrædda

hífiingu en þess hafi hann ekki gætt. Með háttalagi sínu hafi stefnandi einnig brotið gegn öryggishandbók B ehf. um skyldur starfsfólks, sbr. lið 3.4.

Stefnandi byggir á því að eftir að atvikið átti sér stað hafi hífiingarbúnaði verið breytt og flatjárn með augum soðin föst á prófíllinn við hvert deigluvagnanna til þess að hægt sé að koma krókunum í augun og læsa þeim með öryggisloku krókanna áður en vagnarnir eru hífðir og færðir til. Telur stefnandi að í þessu felist viðurkenning á því að um vanbúnað hafi verið að ræða á slysdegi. Stefnandi hafi hins vegar ekki notað réttan búnað við umrædda hífiingu. Hífiingarbúnaðurinn sem stefnandi hefði átt að nota sé staðlaður búnaður sem sé framleiddur sérstaklega til að hífa byrði á borð við deigluvagn, sem ekki sé með festingar fyrir króka með öryggisloku. Það liggja þó í hlutarins eðli að eftir atvik sem þetta sé horft til þess hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig með sem einföldustum hætti og búnaðinum hafi því verið breytt svo tryggt sé að slys af þessum toga eigi sér ekki stað aftur. Í því geti ekki falist viðurkenning á skaðbótaskyldu, svo sem dómafrankvæmd Hæstaréttar beri með sér.

Þá hafnar stefndi því alfarið sem röngu og ósönnuðu að sú staðreynd að ekki hafi verið gert áhættumat um umræddan verkþátt hafi á einhvern hátt átt þátt í því að slysið hafi orðið. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á nein orsakatengsl þar á milli auk þess sem hann hafi ekki fylgt þeim ferlum og því skipulagi sem gilt hafi til að tryggja öryggi starfsmanna við umrætt verk. Þannig hafi stefnandi ekki sýnt fram á hverju slíkt áhættumat hefði breytt enda hefði það tekið mið af þeim ferlum sem fylgja hafi átt við verkið, ekki þeirri aðferð sem stefnandi hafi beitt.

Allt framangreint sýni að ekki hafi verið um saknæma og ólögmeta háttsemi váttryggingartakans að ræða, sem hafi valdið atvikinu, heldur megi fyrst og fremst rekja það til óhappatilviljunar eða mögulega aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Með vísan til váttryggingarskilmála stefnda sé bótaréttur því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda, enda yrði honum að lögum ekki gert að bera ábyrgð gagnvart stefnanda í slíkum tilvikum.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda sé þess krafist, með vísan til framangreindra málsástæðna, að sök verði skipt og réttur stefnanda til skaðabóta aðeins viðurkenndur að hluta enda hafi hann verið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum. Í ljósi þess að kraninn, krókar og allur annar búnaður á verkstæði B ehf. hafi verið í lagi samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins og búnaður hafi verið fyrir hendi á verkstæðinu sem stefnandi hafi staðið til boða að nota, og sem hann hefði átt að nota, verði ekki komist hjá því að leggja til grundvallar að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við verkið með þeim réttaráhrifum að hann verði að bera tjón sitt að hluta sjálfur.

IV.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin C, vélvirki og fyrrverandi starfsmaður B ehf., og D, vélvirkjameistari og deildarstjóri hjá B ehf. Verður framburður þeirra reifaður eins og þurfa þykir niðurstöðunnar vegna.

Í máli þessu er deilt um hvort vinnuveitandi stefnanda, B ehf., beri bótaábyrgð á tjóni sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi 10. október 2016, annaðhvort að öllu leyti eða ásamt stefnanda sjálfum.

Atvik máls eru að mestu ágreiningslaus sem og afleiðingar slyssins. Þannig liggur fyrir að deigluvagninn sem stefnandi var að hífa þegar slysið varð rann af krókunum sem notaðir voru til að festa vagninn í hífiingarbúnaðinn. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að hífiingarbúnaðurinn sem notaður var, þ.m.t. krókarnir, hafi verið í fullkomnu lagi og aðstæður almennt góðar. Deigluvagninn var hins vegar þannig hannaður að það var ekki hægt að læsa krókunum heldur einvörðungu krækja þeim inn í göt á hliðum vagnsins. Orsök slyssins er því að rekja til þess að hífiingarbúnaðurinn sem notaður var í umrætt sinn hentaði ekki því verki sem verið var að vinna. Kjarni ágreiningsins í málinu lýtur að því hvort vinnuveitandi

stefnanda beri ábyrgð á þessu þar sem hann hafi ekki lagt stefnanda til tæki sem hentaði til verksins, eða hvort um aðgæsluleysi stefnanda sjálfs hafi verið að ræða þar sem hann hafi sjálfur ákveðið hvaða hífingarbúnað hann notaði.

Ekki er um það deilt í málinu að hífing deigluvagna og flutningur var reglubundið verk á verkstæði B ehf. á [...]. Eins er ágreiningslaust að stefnandi hafi að meginstefnu til sinnt því verkefni og að það hafi hann gert reglulega, eða að meðaltali tvisvar til þrisvar í viku. Jafnframt hefur komið fram að það verklag sem stefnandi beitti umrætt sinn við hífingu deigluvagnsins hafði tíðkast í vélsmiðjunni um langan tíma á meðal þeirra starfsmanna B ehf. sem því sinntu. Staðfestist þetta af framburði stefnanda og vitnisins C, en einnig að nokkru leyti af framburði D, sem var yfirmaður stefnanda hjá B ehf. Þegar slysið varð og á árunum í aðdraganda þess. Stefnandi kvaðst hafa hermt það verklag eftir fyrirrennurum sínum í starfi og ráða má af framburði þeirra C, sem sinnti flutningi deigluvagna á vinnusvæðinu ásamt stefnanda öðru hvoru á meðan þeir störfuðu þar saman, að þetta verklag hafi verið óskráð venja við hífingar vegna flutnings deigluvagna á vinnustaðnum. Verklaginu kvaðst stefnandi hafa beitt alla sína tíð hjá B ehf., sem hafi spannað 8-9 ár þegar slysið varð.

Í umsögn Vinnueftirlitsins sem gerð var í kjölfar slyssins segir að gera eigi sérstakt áhættumat fyrir þennan verkþátt, þ.e. hífingu vagna. Óumdeilt er að slíkt áhættumat lá ekki fyrir. Samkvæmt 65. gr. a í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 4. gr. reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, hvílir sú ábyrgð á herðum vinnuveitanda að gert sé sérstakt áhættumat þar sem metin skal áhætta af starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Með vísan til framangreinds lagaákvæðis er vafalaust að það var á ábyrgð vinnuveitanda stefnanda að sjá til þess að áhættumat væri gert varðandi hífingar á deigluvögnum svo sem Vinnueftirlitið bendir á í umsögn sinni. Ekki er um það deilt að vinnuveitandi stefnanda vanrækti þessa skyldu sína. Tilgangur með því að gera áhættumat fyrir einstök hættuleg störf er sá að greina hvaða hættur fylgja verkinu og jafnframt mæla fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum og hvaða tæki skuli nota.

Í 5. gr. framangreindrar reglugerðar er enn fremur mælt fyrir um að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skal af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hætta búin.

Stefndi byggir á því að þar sem deigluvagninn hafi ekki verið búinn festingum fyrir króka með öryggisloku hafi stefnanda borið að nota taustroffur við verkið; rétt hefði verið að slá stroffum utan um vagninn, festa keðjurnar í stroffurnar með krókunum, loka krókunum með öryggislokunum og lyfta þannig vagninum upp með öruggum hætti. Þetta hafi stefnandi vitað eða mátt vita að væri rétt aðferð þar sem vinnureglur B ehf. geri ráð fyrir að nota eigi stroffur til þess að hífa hlut sem ekki sé búinn festingu sem hægt sé að festa krók í og loka á öryggisloku. Á lager verkstæðisins hangi uppi á vegg stroffu- og keðjutafla sem sýni hvernig nota eigi stroffur eins og hafi átt að gera í umræddu tilviki. Þá séu margar tegundir af stroffum og lásam til á verkstæðinu. Þannig hafi allur búnaður verið fyrir hendi á verkstæðinu til að tryggja að stefnandi gæti unnið verkið með réttum og öruggum hætti.

Á þessa málsástæðu felst dómurinn ekki. Er í fyrsta lagi vísað til þess að ganga verður út frá því sem sönnuðu að verklagið sem stefnandi beitti í umrætt sinn hafi verið vanabundið verklag sem hann sjálfur og aðrir starfsmenn B ehf. höfðu notað um árabil. Jafnframt kom fram í framburði D, deildarstjóra á verkstæðinu, fyrir dómi að honum hefði verið kunnugt um að stefnandi beitti þessu verklagi. Þá er ósönnuð sú staðhæfing stefnda að gerðar hafi verið athugasemdir við þetta verklag stefnanda. Þá liggur fyrir að áhættumati var ekki til að dreifa fyrir þennan verkþátt og því engin nánari fyrirmæli að finna á grundvelli

slíks mats. Í öryggishandbók B er heldur ekki að finna nánari fyrirmæli um að í stað keðju með krókum skyldi nota stroffur við verkið. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu þótt almenn ákvæði séu í handbókinni um notkun hífingarbúnaðar og þar sé kveðið á um að krókar til hífingar skuli vera með öryggisloku. Engar skráðar reglur voru því fyrir hendi sem fjölluðu sérstaklega um hífingu deigluvagna eða sambærilegra hluta heldur einvörðungu almennar leiðbeiningar um notkun hífingarbúnaðar. Í framburði D fyrir dómi kom jafnframt fram að ekki hefði verið farið sérstaklega yfir hífingar deigluvagna á reglubundum öryggisfundum á vinnustaðnum. Loks er ósannað að það verklag sem stefndi byggir á að nota skyldi sé öruggara en notkun krókanna. Í því efni nýtur ekki við gagna þar sem lagt er mat á hættuna af því að hífa jafnhunga hluti og deigluvagna með taustroffum í stað keðju og mat á mögulegum öðrum hættum sem geta skapast af því verklagi. Að endingu liggur fyrir að vinnuveitandi stefnanda gaf ekki fyrirmæli um að það verklag skyldi tekið upp eftir slysið. Þess í stað voru gerðar breytingar á deigluvögnunum þannig að unnt væri að læsa krókum í þá. Þetta staðfesti vitnið D í skýrslu sinni fyrir dómi. Kom fram hjá vitninu að gagnger endurskoðun hefði átt sér stað á verklagi við hífingar deigluvagna í kjölfar slyssins. Með því að setja eyru, nánar tiltekið flatjárn með götum, inn á deigluvagnana, hafi verið unnt að einfalda verklagið við hífingu þeirra. Einnig hafi verið útbúnar sérstakar keðjur með þremur krókum til að festa í flatjárnin. Kvað vitnið að umræddar breytingar hefðu hvorki verið kostnaðarsamar né umfangsmiklar.

Af því sem að framan hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að orsök slyss stefnanda megi rekja til þess að ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hífingarbúnaður sem stefnandi notaði hentaði til þess verks sem hann reglubundið innti af hendi og jafnframt að ósannað sé að hentugur búnaður hafi verið fyrir hendi eða að vinnuveitandi stefnanda hafi gefið fyrirmæli um að nota annan búnað. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 var það hlutverk atvinnurekanda stefnanda að sjá til þess að rétt tæki væru fyrir hendi og að aðrar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja að tækin hentuðu verkinu. Framangreint reglugerðarákvæði felur í sér nánari útfærslu á skyldum atvinnurekanda samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 37. gr. þeirra laga.

Þá verður einnig við sakarmat í málinu að hafa hliðsjón annars vegar af almennum hættueiginleikum þess að lyfta 1,5 tonna vögnum og hins vegar því hve viðurhlutalitlar þær ráðstafanir voru sem gera þurfti til að tryggja að unnt væri að læsa krókunum tryggilega í deigluvagnana. Leggur það ríkari skyldur á vinnuveitanda stefnanda til að gera viðeigandi ráðstafanir, sbr. m.a. 2. mgr. 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Loks verður, með hliðsjón af því að verklag það sem stefnandi notaði hafði viðgengist um langa hríð og ætla verður að verkstjóri hafi vitað eða mátt vita af því, að leggja til grundvallar úrlausn málsins að nokkuð hafi skort á fullnægjandi verkstjórn á vinnustaðnum, í andstöðu við 21. gr. laga nr. 46/1980.

Verður með framangreindum rökstuðningi fallist á með stefnanda að vinnuveitandi hans beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem hann varð fyrir í vinnuslysi 10. október 2016.

Fallast má á það með stefnda að stefnandi, sem er reyndur og menntaður járnsmiður, hefði átt að gera skýrari kröfu um að öruggari búnaður yrði notaður og að í því felist gáleysi. Sú staðhæfing stefnanda að hann hafi margsinnis gert athugasemdir við búnaðinn er ósönnuð. Hins vegar er ekki fallist á að hann hafi sýnt af sér slíkt gáleysi að til álita komi að fella niður bótarétt hans að hluta eða öllu leyti. Í 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur fram að því aðeins kemur til álita að lækka eða fella niður bætur vegna meðábyrgðar starfsmanns sem verður fyrir tjóni að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er ekki fallist á að gáleysi stefnanda geti talist stórfellt. Vísast jafnframt til sjónarmiða sem rakin eru hér að framan um ábyrgð atvinnurekanda hans á því að réttur búnaður væri fyrir hendi, fullnægjandi fyrirmæli lægu fyrir um notkun hans og virk verkstjórn sem fylgdi því eftir.

Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 3. apríl 2018. Allur gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Þar með talin er þóknun lögmanns hans,

Hauks Freys Axelssonar, sem er hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 4. mgr. 128. gr. sömu laga skal stefndi greiða 1.250.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Haukur Freyr Axelsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Gunnar Jónsson lögmaður fyrir stefnda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir kvað upp dóminn. Gætt var ákvæðis 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

D Ó M S O R Ð :

Viðurkenndur er réttur stefnanda, A, til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu B hf. hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., vegna vinnuslyss sem stefnandi varð fyrir 10. október 2016. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hauks Freys Axelssonar, 1.250.000 krónur. Stefndi greiði 1.250.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.